

Starfsskýrsla miðstigi, 5. – 7. bekkur 2019-2020

Nemendur: Í vetur voru 24 nemendur í 5. -7.bekk. Tvær bekkjardeildir tengdust stiginu, 5.-6. bekkur voru ein bekkjareining og 7. bekkur önnur. Umsjónarkennari 7.b. var Guðbjörg Viðarsdóttir og 5.-6. bekkjar Halla Sigríður Bjarnadóttir

Stigsfundir – Halla var í hlutastarfi í vetur og var ekki með viðveru til að hafa fund. Nokkrir óformlegir fundir voru þó haldnir en Guðbjörg skipulagði að mestu viðburði sem tengdust miðstiginu. Nokkrir stærri fundir voru haldnir þegar skipuleggja þurfti viðburði þar sem tvö eða fleiri stig unnu saman.

Aðrir kennarar á miðstigi 2019-2020

Aðrir kennarar sem koma að miðstigi eru:

Alma Jenný. – samfélagsfræði 5.-6.b. og nýbúafræðsla í 6. bekk

Fríður Sæm. – snillismiðja 5.-7.b.

Helena Eiríksd. – textílmenn og nýbúafræðsla í 6. bekk

Helga Jóhanna Úlfarsd. - heimilisfræði 5., 6, og 7. b.

Kolbrún Haraldsd., - sérkennsla 5. bekk og 7. bekk

Kristín Erla Ingimarsd. – snillismiðja 5.-7.b., útikennsla 5.-6. b. og smíði,

Margrét Guðmundsd. – snillismiðja 5.-7.b. og danska í 5.-6.b. og 7. bekk

Margrét Jónsd. – enska 5.,6. og 7.b. og nýbúafræðsla í 6. bekk

Margrét Larsen – kom inn í 7. bekk 6 tíma á viku.

Sjöfn Sigurðard. – myndmennt og útikennsla 5.-6. b.

Stuðningsfulltrúar á miðstigi 2019-2020

Ann Winter kom talsvert inn í 7. bekk, Sigríður Steina nokkra tíma í 5.-6. b. og Guðrún Alfreðs fáeina tíma inn í báða hópa.

Aðstaða

Bekkirnir voru með sínar heimastofur, 7. b. í Kluftum og 5.-6. í Lúsíuhóli. Umsjónarkennarar gátu nánast alltaf nýtt stofuna til undirbúnings í sínum götum.

Í bekkjarstofunum eru borðtölvur (kennaratölva í báðum stofum) og skjávarpar en auk þessa er gott aðgengi að spjaldtölvum, hver nemandi í 7. bekk með merktan iPad til að nota einungis í skóla og 5.-6.b. með nokkra iPada í sinni stofu. Allir kennarar hafa til afnota iPad sem er liður í því að efla kennara við að nýta sér spjaldtölvur í kennslu.

Boðið var upp á heimanámsaðstoð 1x í viku, tíminn var á miðvikudögum frá kl. 15:10-15:50 og var Alma Jenný Sigurðardóttir kennari en þegar margir sóttu tímanna voru skólastjórnendur til taks.

Nemendur 7. bekkjar voru margir viljugir að sækja þennan tíma.

„Körfureglan“ var í gildi í vetur en hún snýr að því að nemendur setja símana sína í þar til gerða körfu þegar kennslustundin hefst og nota síma ekki á meðan á kennslustund varir nema með leyfi kennara. Þessari reglu þurfti að beita í öllum tímum hjá 7.bekk. Í vetur var tekið upp átakið „símalausar frímínútur“ sem síðla vetrar fór inn í skólareglur. Brot á reglu varðaði ákveðin viðurlög (sjá skólareglur).

Boðleiðir og foreldrasamstarf

Heimavinnaáætlun mun alltaf vera skráð í mentor.is svo og aðrar upplýsingar um námgreinarnar

s.s. námsmat og námsáætlanir. Það er því nauðsynlegt, bæði fyrir foreldra og nemendur að venja sig á að kíkja þar inn á hverjum degi.

Önnur samskipti og upplýsingar voru sendar í tölvupósti til foreldra. Kennari 7. bekkjar hélt úti öflugri bekkjarsíðu þar sem nemendur og aðstandendur höfðu aðgang að henni, síðan er á „sway“ formi.

Fyrir liggur skriflegt leyfi frá öllum foreldrum/forráðamönnum nemenda í 5.-7. b. er varðar leyfi þeirra til þess að skólinn megi nota myndir af nemendum í skólastarfi.

Samvinna og samstarf kennara á miðstigi.

Samstarf milli 5.-7. bekkjar var með svipuðu sniði og undanfarin ár með sameiginlegum uppbrotsverkefnum.

Samvinna er milli Flúðaskóla og Þjórskóla varðandi nemendaheimsóknir í 7. bekk. Markmið heimsóknanna er annars vegar að nemendur kynnist innbyrðis og að nemendur Þjórskóla kynnist væntanlegu skólaumhverfi sínu. Sett var upp plan þar sem nemendur hittust 5 sinnum, tvisvar í Þjórskóla og þrisvar í Flúðaskóla. Skipulagið var með eftirfarandi hætti:

Heimsóknir milli 7. bekkja í Flúðaskóla og Þjórskóla, veturinn 2019-2020

- Flúðaskóli heimsækir Þjórskóla - Fimmtudaginn 31. október, fram að hádegi (ekki í mat).
- Þjórskóli heimsækir Flúðaskóla – Þriðjudaginn 26. nóvember, fram að hádegi (ekki í mat).
- Þjórskóli heimsækir Flúðaskóla – Mánudaginn 27. janúar, fram yfir hádegi (borðar líka).
- Flúðaskóli heimsækir Þjórskóla – Mánudaginn 24. febrúar, fram yfir mat (borðar líka).
- Þjórskóli heimsækir Flúðaskóla – í maí, alla vega fram yfir mat. Til greina kemur miðvikud. eða fimmtud 13. eða 14. koma eða mánud. eða þriðjud. 25. eða 26.

Vegna covid urðum við að fella niður eina heimsókn.

Skólastarf

Skólinn var settur þriðjudaginn 21. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá strax daginn eftir.

Foreldrafundur fyrir miðstig (og yngsta) var ekki haldinn fyrr en þriðjudaginn fyrr en 29. okt. Það helgaðist af því að Berglind skólasálfræðingur var ekki laus fyrr en þá.

Erindi Berglindar var mjög gott og gagnlegt. Hún kom víða við um nauðsyn þess að styrkja samskipti barna og foreldra og lagði fram þó nokkrar bjargir til handa þeim sem á hlustuðu. Allt var þetta gott og gagnlegt enda er líklega fátt mikilvægara en að búa yfir góðri samskiptahæfni. Margt af því sem hún lagði fram mun án efa auka sjálfstraust barna og þar með sjálfsmynd þeirra ef foreldrar nýta sér bjargirnar. Hún minnti okkur líka á það að foreldrarnir eru jú mikilvægasta fyrirmyndin. Berglind benti á nokkrar heimasíður með efni þessu tengdu:

<https://www.heilsuvera.is/markhopar/born-og-uppeldi/>

<https://sjalfsmynd.is/verkfaerakistan/verkefni/midstig/>

<https://www.heilsuvera.is/markhopar/born-og-uppeldi/>

<https://www.samskiptabodordin.is/>

Eftir erindi Berglindar stóð foreldrum til boða að fara inn í heimastofur barna sinna og ræða við umsjónarkennara.


Sem fyrr var dræm mæting foreldra, samtals foreldrar c.a. 10 barna.

Gönguferð. Fimmtudaginn 12. sept. fór allur skólinn í gönguferð í Gildurhagann. Ferðin stóð fram að hádegi og venjuleg kennsla eftir hádegi. Farið var með skólabílum að Laugum. *(Lýsing á Gildurhaga: Gildurhagi er innan við bæinn Laugar, í c.a. 25 mín göngufæri. Þarna er ótrúlega fallegt umhverfi sem gaman er að skoða.. Fossar, lækir, kletta og klifur heilla og bara gaman að vaða og reyna svoltið á sig).*

Réttarfrí var föstudaginn 13. sept. samkvæmt venju í sveitinni.

Um miðjan september kom Kolbrún „lestrarstýra“ færandi hendi og gaf öllum sem höfðu tekið þátt í sumarlestrinum skemmtilega glaðninga. Alltaf gaman að fá klapp á bakið fyrir vel unnin störf!

Þriðjudaginn 17. sept. var „Ólympíuhlaupið“ haldið hér í skólanum. Þetta er gamla „Norrræna skólahlaupið“ þar sem nemendur velja um að hlaupa 2,5 km, 5 km og 10. km. Hlaupið gekk vel og það var gaman að sjá hve allir voru duglegir. Við fengum frábært veður, engin rigning og nánast logn. Heppin við!



Áfram var haldið með lestrarsamninginn frá því í fyrra. Nánast undantekningarlaust tók fólk þátt í þessu verkefni og vonandi hefur það haft sitt að segja. Samningurinn samanstendur af fjölda daga sem á að lesa heima, skráningu lesturs og markmiðasetningu.

Samræmd próf voru hjá 7. bekk 19. og 20. sept. Íslenskupróf var þann 19. og stærðfræðipróf þann 20. Nemendur fengu kleinur/köku seinni daginn frá mótuneytinu að loknum próf. Umsjónarkennari bakaði til gamans súkkulaðiköku eftir fyrra prófið. Prófin voru á rafrænu formi og gekk fyrirlögn vel. Nemendur byrjuðu undirbúning fyrir prófin strax í þriðju skólavikunni og æfðu bæði rafrænt og skriflegt. Skólastjóri sendi þá einnig foreldrum kynningarbréf varðandi prófin. Nemendur fengu niðurstöður sínar fá MMS í tölum en ekki bókstöfum. Niðurstöður birtust nemendum ekki fyrr en um mánaðarmótin okt.-nóv. (Endurtek orð mín frá fyrra ári: „Ótrúlega sein skil í tölvutækum heimi“).

Foreldradagur-viðtalsdagur var 23. sept. og komu nemendur þá í einstaklingsviðtöl með foreldrum/forráðamönnum.

Forvarnardagurinn var í fyrstu viku október. Áhersla var lögð á umfjöllun og fræðslu um veip og aðrar reykingar. Það er nauðsynlegt að fá fræðslu um þessi mál til að vita um óhollustu þess að ánetjast þessi efni. Sífellt dýnja á okkur nýjar fréttir af veikindum og sjúkdómum sem beinlínis má rekja til ýmis konar reykinga. Ég set hér inn fyrir neðan slóðir af þeim fréttum og síðum sem við skoðuðum í bekknum.

Efni tengt forvarnardeginum okkar:

<https://www.visir.is/g/2019190929891/rekja-veikindi-unglings-til-rafrettureykinga>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=70681>

<https://www.visir.is/t/1135/Rafrettur>

<https://www.frettabladid.is/frettir/fimm-fengid-gat-a-lunga-efrir-rafrettureykingar/>

Lítið varð úr vinnu á „Evrópska tungumáladeginum“ þetta árið.

Þriðjudaginn 15. október var Menningarferð miðstigs. Farið var til Reykjavíkur samkvæmt venju. Hér er brot úr lýsingu ferðarinnar:

- Rútan skilaði okkur á Þjóðminjasafnið. 7. bekkur lærði um ýmislegt tengt trúarbrögðum á Íslandi (verkefnið Öxin og jörðin) og 5.-6. bekkur fór í vikingabúninga („Í spor landnámsmanna“).
- Næst var það Skautahöllin og fjörið þar klikkaði ekki.
- Við fengum okkur hádegisnestið í Skauthöllinni og skautuðum svo hátt í klukkutíma.
- Svo var það heimsókn í Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Þar var tekið vel á móti okkur, bæði var okkur kennt ýmislegt um himingeiminn og við fengum að prufa ótal margt.
- Við fengum okkur svo aukanesti fyrir utan Háskólabíó áður en við lögðum af stað heim.

Halldórsmótið í skák var haldið í Félagsheimilinu með pompi og prakt mánudaginn 18. nóv. og gekk það mjög vel fyrir sig. Ekki var verra að komast í vöflur með rjóma og súkkulaði til að gefa manni auka orku. Í þetta sinnið voru verðlaunasætiní 3.-7. bekk þessi:

1. sæti: Dawid Jaroslaw 7.b.
2. sæti: Sigurður Emil í 6. b
3. sæti: Hilmir Öxndal í 5. B.



Dagur íslenskrar tungu kom upp á laugardegi þetta árið. Vegna mikilla hátíðahalda í tilefni afmæli skólans var ákveðið að vera ekki með mikla viðhöfn þetta árið. Nemendur komu saman í Kvíadal föstudagsmorguninn 15. nóv. klukkan 10:15 og sungu nokkur íslensk lög saman ásamt því að 7. bekkur opnaði "Stóru upplestrarkeppnina með því að lesa íslenska Þjóðsönginn og kynna höfund hans Matthías Jöcumsson.

90 ára afmæli Flúðaskóla var haldið með pompi og prakt föstudaginn 25. okt., milli 16-18.

Fjölmenni var í afmælinu og sannkölluð hátíðarstemning, bæði í Félagsheimilinu og í skólanum. Það var heldur betur margt að sjá enda hafði mikil vinna átt sér stað. Allir nemendur skólans höfðu lagt sitt af mörkum við að skapa hins ýmsu verkefni sem prýddu skólann. Svo var gott að kíkja í kaffi og fá sér köku og tilheyrandi.

Miðstigskrakkarnir höfðu tekið þátt í mörgum verkefnum með öðrum nemendum skólans, m.a. viðburðadagatali þar sem allflestum uppbrotum í skólastarfinu voru gerð skil með myndskreytingu og lýsingu, gerð líkans af öllum skólanum þar sem með hjálp tækninnar var hægt að skyggjast inn í lifandi skólastofur og gerð skuggamynda en á glerganginum má finna skuggamynd af öllum nemendum skólans. Fyrir utan öll þessi sameiginlegu verkefni vann 7. bekkur risaverkefni sem tengdist sundkennslu í Flúðaskóla í 90 ár. Nemendur tóku nokkur viðtöl og settu þau upp í forritum á þann hátt að nú er hægt að hlusta á þau í hlaðvarpi hvar sem er (þ.e.a.s. ef maður er með slóðina, vistuðum þetta privat). 7. bekkur setti líka allar upplýsingarnar upp í risastóra töflu þar sem hægt er að sjá þróun sundgreina, sundfatnaðar, hjálpartækja, fjölda skólaára og fleira tengdu sundinu. Svo má ekki gleyma bíómyndinni sem sett var saman eftir að við fengum að fara í „Gömlu laugina“ og setja á svið sundkennslu fyrri ára. Linkur inn á stuttmyndina er að finna hér að neðan. Sem sagt góður dagur sem allir geta verið stoltir af

<https://www.youtube.com/watch?v=oGWMdITiAYk>

Í tengslum við Baráttudaginn gegn einelti unnu krakkarnir í 7. bekk með skilgreininguna á orðinu EINELTI (framhald frá fyrra ári).

“Einelti er endurtekið líkamleg og/eða andlegt ofbeldi, útilokun, útskúfun og áreiti sem skapar vanlíðan – þegar einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einstakling.”

Jólafröndurhringekjan með 1.-7. bekk var á sínum stað, hún fór fram einn fimmtudagsmorgun 4 tíma (fjórar stöðvar). Hópnum var skipt upp í minni aldursblandaða hópa og fóru allir á hverja stöð í c.a.40 mín. Myndirnar sýna verkefni sem voru á stöðvunum.



Fimmtudaginn 19. des. voru litlu jólin í skólanum, bæði jólaballið sjálft í Félagsheimilinu og stofujólin. Pakkaleikur var samkvæmt fornri hefð og miðað var 1000 kallað hámarki fyrir gjöfina. 5. bekkur sá um helgileikinn með aðstoð 6. bekkjar. Einnig var jólamaturinn þennan dag svo þetta var hinn hátíðlegasti dagur. Skólinn byrjaði 10:30 og lauk klukkan 14.

Unglingastigið er með leynivinaleik (í 3-4 daga) og fengu 7. bekkingar að vera með. Nemendur höfðu alveg frjálssar hendur með það hvort þeir tóku þátt eður ei.

Viðtalsdagur 15. janúar. Í kjölfar námsmats fengu allir viðtalstíma (nemendur og foreldri) Allir (foreldrar og nemendur) áttu að vera búnir að skoða vel námsmatið inn á mentorum, áður en þeir kæmu í viðtalið. Einnig voru allir beðnir um að svara spurningalista inn á mentor, undir frammistöðumat (er inn á gamla mentor/fjölskylduvef). Nemandi svarar en foreldrar eru beðnir um að vinna listann með barni sínu því þar koma mörg atriði fram sem kveikja umræður. Mikill misbrestur var á því hvort fólk var búið að skoða mentorinn og fylla út frammistöðumatið áður en komið var í viðtalið.

Þorrablótið okkar fór fram þann 6. febrúar. Dagskráin var hefðbundin með söng, skemmtiatriðum, matarsmökkun og leikjum. Í upphafi sungum við Þorraprælinn, strákar sungu svo til kvenþjóðarinnar (Fósturlandsins freyja) og stelpur til karlþjóðarinnar (Táp og fjör). Í kjölfarið lásu 5.-6. bekkingar upp fróðleik sem tengdist þorranum.

Svo var komið að matarsmökkuninni, sumir héldu sig bara við harðfiskinn og smjörið meðan aðrir fylltu diskinn af súrmat og hákarli (ekki fara sléttar sögur af því að öllu hafi verið rennt niður, a.m.k. ekki alla leið.

Í lokinn fórum við svo í gamla leiki sem heita: Að stökkva yfir sauðalegg, Að reisa horgemling og störukeppni. Ekki verður annað sagt en að til eru nemendur sem eru ótrúlega liprir.

Vetrarfríð 17.-18. febrúar.

Þriðjudaginn 25. feb. héldum við Stóru upplestrarkeppnin í 7. bekk hér í Flúðaskóla. Keppnin er haldin inni í kennslustofu 7. bekkjar og byrjaði klukkan 10:30. Foreldrar, forráðamenn og annað venslafólk 7. bekkinga var hvatt til að koma á keppnina og fylgjast með sínum. 6. bekk er einnig boðið að fylgjast með keppninni til að læra af og sjá það sem býður þeirra að ári. Mikil hátíðarstund og

þátttakendur sigruðu sjálfan sig með því að gera sitt besta við að flytja texta og tvö ólík ljóð. Spennan var mikil því margir gerðu það mjög gott. Loks urðu dómamarar að



kveða upp sinn dóm og það reyndust þau Emil Vilbergsson og Rebekka Öxndal Ingibjörnsdóttir sem báru sigur úr bítum og Magnús Þór Vignisson var fyrsti varamaður.

Skíðaferð var reynd þetta árið en því miður voru bæði slæm veðurskilyrði og covid sem hömluðu því að hún gæti orðið að veruleika. Það var því engin skíðaferð skólaárið 2019-2020.

Stóra Upplestrarkeppnina fyrir Uppsveitir og Flóa sem haldin var í Árnesi þriðjudaginn 3. mars. Allur 7. bekkur fór að fylgjast með en það voru þau Emil Vilbergsson og Rebekka Öxndal sem kepptu fyrir hönd Flúðaskóla. Auðvitað stóðu þau sig vel og voru sjáfum sér og okkur öllum til sóma. Þótt verðlaunin féllu öðrum í skaut þá getum við verið stolt af þeim. Svo var líka voða gaman að sjá Anastasíu spila gullfallega á píanóið en hún flutti tvö lög á vegum Tónlistaskóla Árnesinga.

Öskudagsskemmtun var haldin í Íþróttahúsinu okkar 26. feb. og voru allir krakkarnir mjög duglegir að taka þátt í þeim leikjum sem þar voru settir fram. Mikið líf og fjör og allir virkir. Árni Þór og Guðbjörg Viðarsd. sáu um leikjadagskrána og foreldrafélagið tunnurnar og nammið. Yngri barna tunnan hefði mátt vera sterkari.

Miðvikudaginn 5. mars var undankeppni fyrir Skólahreysti. Mið- og yngsta stigi var boðið að koma út í íþróttahús og fylgjast með.

Árshátíð 1.-7. bekkjar átti að halda miðvikudaginn 18. mars en vegna covid þurfti að fresta henni og síðar að aflýsa þennan veturinn. Það var Ballið á Bessastöðum sem átti að setja upp og voru æfingar langt komnar þegar covid skall á. Í leikritinu er forseti og prinsessa og furðulegir ritarar,

mæðgin úr sveitinni, draugur, dýr, kóngur og drottning svo eitthvað sé nefnt. Leikritið hefur þann kost að okkur gefst heilmörg tækifæri að bæta og breyta textanum og setja inn brandara ef krakkarnir eru með sniðugar hugmyndir.



Svo skall á covid.....skólanum skipt upp en við plumbuðum okkur vel á „Gula-gangingum“. Nemendur Flúðaskóla voru heppnir, fengu þökkalegustu kennslu og skólastaf þeirra skertist mun minna en flestra annarra nemenda á Íslandi.

Nemendur miðstigs tóku þátt í „Rusladeginum“ eins og hefð hefur verið fyrir lengi. Hann var haldinn 8. maí.

Vorferð miðstigs var farin miðvikudaginn 27. maí. Við fórum á Þingvöll og áttum góðan námsdag þar. Veður slapp en spáin var hryllileg, nemendur voru vel klæddir. Á Þingvöllum unnu nemendur meðal annars hópaverkefni (aldursblandað, 4 í hóp) sem sjá má neðst í þessu skjali.

Daginn eftir unnum við þau verkefni sem ekki náðist að klára á Þingvöllum og finna má myndbönd af ferðinni og vinnunni hér að neðan.

<https://www.youtube.com/watch?v=PT15FXWFMdg&list=UU5780CGEZYndtGTy5I01sRw&index=2>

<https://www.youtube.com/watch?v=zDeluJmBkaE&list=UU5780CGEZYndtGTy5I01sRw&index=1>

Dagskráin var eftirfarandi:

- Lagt af stað 8:35
- Komin á Þingvöll 70 mín seinna (vorum með góðan bílstjóra „Siggahjá ÞÁ bílum“)
- Gengum að Öxarárfossi og upp reiðstíginn
- Tókum nesti við bílplanið (þar eru bekkir og smá skýli)
- Hittum Torfa leiðsögumann kl 11-12 (byrjuðum á Valhallarplani og gengum að peningajá og svo að Lögbergi og upp Almannagjá upp á Hak og enduðum með stoppi í Gestastofu)
- Grilluðum pylsur við Þjónustumiðstöðina (vorum með grill með okkur)
- Fórum í Vatnsvíkina og mældum hitastig vatnsins

- Fórum aftur að kirkjunni og krakkarnir unnu verkefni sem fyrir var lagt, fórum svo að Drekkingahyl og svo að rútu.
- Fengum okkur seinna nesti og fórum heim.
- Vorum komin heim 15:55.

Fimmtudaginn 28. maí skrapp 7.b. í skógræktarvinnu í rúman klukkutíma. Vinnan er í samstarfi við Skógræktarfélag Hrunamanna. Sigga á Fossi tók á móti hópnum og kenndi krökkunum rétt vinnubrögð við að útplanta birkiplöntum. Gróðursett var í reitnum fyrir ofan Kópsvatn. Allir fengu góðgæti að vinnu lokinni.

Sundmót miðstigs var haldið fimmtudaginn 28. maí kl 13:40-15:00 og var líf og fjör í lauginni á meðan á því stóð. Bæði var farið í ýmsa leiki og einnig var hefðbundnin sundkeppni.

Fyrstu þrjú sætin voru eftirfarandi:

25m skriðsund:

Stelpur:

1. sæti Rebekka Öxndal 20,9 sek
2. sæti Kamilla Rós 26,6 sek.
3. sæti Aldís Fönn 28,7 sek.

Strákar:

1. sæti Emil Vilbergson 18,9 sek.
2. sæti Arnór Karlsson 22,7 sek..
3. sæti Patryk Zenon 22,9 sek.

50m bringusund

Stelpur:

1. sæti Rebekka Öxndal 62,1 sek.
2. sæti Ragnheiður Kristinsd. 72,5 sek.
3. sæti Aldís Fönn Benediktsd. 85,1 sek

Strákar:

1. sæti Emil Vilbergsson 60,5 sek.
2. sæti Emil Rafn Kristófersson 64,3 sek.
3. sæti Arnór Karlsson 72,2 sek.

Vordagur Flúðaskóla var haldinn úti í Lækjargarði miðvikudaginn 29.maí frá kl.9:30 til 12:00.

Öllum krökkum skólans var skipt upp í 10 aldursblandaða hópa sem gengu milli stöðva og leystu þrautir og spurningar (sjá nánara plan í fundargerðum kennarafunda)

Skólaslit Flúðaskóla 2. júní 2020 voru með öðrum hætti vegna covid. 1.-9.bekkur átti samverustund í Kvíadal þar sem sungið var saman nokkur lög og skólastjóri var með stutt ávarp. Hver bekkur fyrir sig átti svo stund í sinni stofu með sínum kennara og þar fengu nemendur m.a. afhentan vitnisburðinn. Allt nánara námsmat er svo að finn á mentorum. Skólaslitin voru frá klukkan 10:30 til 11:30.

Eitt og annað

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Í Flúðaskóla eru margir hugmyndaríkir nemendur. Við höfum verið svo heppin að mjög oft hafa nemendur frá okkur verið í úrslitum í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Þetta árið komust tveir nemendur af miðstigi í úrslit. Það voru þeir Hjalti Árnason 5. Bekk og Emil Vilbergsson 7. bekk. Vegna covid fór þeir ekki í áframhaldandi vinnu með sín verk en komust engu að síðu í útslitin.

Vinaliðaverkefni í Flúðaskóla

Vinaliðaverkefnið var áfram í gangi í Flúðaskóla. Umsjón með verkefninu hafði Árni Þór. Krakkar á miðstigi tóku að sjálfsögðu þátt í því eins og aðrir nemendur skólans. Verkefnið var með öðrum hætti í vetur en áður, ekki var kosið um sérstaka vinaliða heldur skipulagði hver bekkur leiki í frímínútum tvisvar í viku. 7. bekkur byrjaði eftir réttir og tók að sér nokkrar vikur í framhaldi af því, þá tóku yngri nemendur við þar til allir bekkir voru búnir. Í janúar byrjaði svo hringurinn á ný. Í vor áttu svo allir nemendur skólans von á að fá ísveislu fyrir vinnu sína. Miðvikudaginn 16. okt kom kennari á vegum Vinaliðaverkefnisins og var með heljarinnar námskeið í íþróttahúsinu fyrir nemendur í 3.-7. bekk annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar. Nemendur lærðu fullt af nýjum leikjum sem vonandi nýtast vel á skólalóðinni og verða nemendum til gagns og skemmtunar. Miðvikudaginn 12. febrúar kom svo verkefnastjóri Vinaliðaverkefnisins aftur til okkar í heimsókn og kenndi öllum krökkunum í Flúðaskóla nýja leiki sem nýta má í frímínútum. Vonandi gefur þetta innspýtingu inn í verkefnið okkar og gerir það enn skilvirkara.

Vegna covid breyttist planið á vordögum, allir fegnu þó prins polo í eftirtétt á Vordegi.

Danskennsla

Í nóvember byrjaði danskennsla og fengu krakkarnir 1 eina kennslustund í nokkrar vikur (á miðvikudagsmorgnum). Silja sá um danskensluna eins og undanfarin ár.

Hjúkrunarfræðingur

Í vetur tók nýr hjúkrunarfræðingur til starfa við Flúðaskóla en það er Sigríður Björg Ingólfssdóttir sem kemur í stað Gróu. Hún hitti miðstigskrakka í vetur samkvæmt áætlun 6-H, heilsunnar. Allir bekkir fengu einhverja fræðslu og 7. bekkur fékk að auki einstaklingsviðtöl.

Skáknámskeið í bekkjum

Í vetur fengu bekkirnir skipulagða skákkennslu. Umsjón með verkefninu hafði Árni Þór og kom í bekkina í 5 skipti. Verkefnið hófst strax að hausti og átti svo að endurtaka sig á vorönn. *Vegna covid féll seinn hlutinn niður.*

Vangaveltur

Það er áhyggjuefni hve ótryggt það er hversu mikið eða oft foreldrar fylgjast með skilaboðum og samskiptum frá skólanum, s.s. að lesa tölvupóst, mentorupplýsingar (bæði heimavinnu og námsmatsupplýsingar). Einnig er áhyggjuefni hversu illa þeir skila sér á almenna foreldrafundi þar sem oft á tímum er fræðsluefni sem erfitt er að finna annars staðar s.s. fyrirlesarar og annað.

Í skýrslu í fyrra stóð eftirfarandi:

Í vetur var áframhaldandi vinna í þróun námsmats. Sú vinna er komin langt en þó er nokkurt misræmi enn til staðar. Nauðsynlegt er að gefa tíma í það starf á næsta skólaári. Við veltum t.d. fyrir okkur hvort skólinn ætti að setja skýra stefnu um það hvaða viðmið við ætlum að nota (Árnesþing, Aðalnámskrá grunnskóla eða búa til okkar eigin í þeim greinum sem eru með orðalagið flókið og óljóst). Móta þarf skýrari stefnu í skólanum svo allir kennarar hafi sömu sýn á hvað táknin merkja, hvort sem verið er að tala um bókstafi eða önnur tákn. Einnig er ruglingslegt að stundum eru notuð þrjú tákn og stundum fjögur yfir framvindu (*-v-o-x).

Margt af þessu er enn ekki á hreinu og skoða má vel hvort við ættum (í Flúðaskóla) ættum að gera námsmatið á einhver hátt skýrara. Það eru ekki allir foreldrar eða kennarar að leggja sama skilning í öll hæfniviðmiðin.

1. Hversu **kalt** er Þingvallavatn? _____

2. **Drekkingarhylur** – búið til stutta vídió-kynningu um Drekkingarhyl.

Puntar: Af hverju heitir hann Drekkingarhylur? Hvað gerðist þar? Hvenær? Einhver viðbót sem ykkur dettur í hug.

3. **Kristnitakan** – búið til leikrit um kristnitökuna á Þingvöllum

Puntar: Heiðnir menn- kristir menn -Þorgeir Ljósvefningagoði – Hallur á Síðu- Hvaða trú varð ofan á? – Hvað mátti fólk áfram gera sem tilheyrði gamla siðnum?

4. **Þinghald á Alþingi á Þjóðveldisöld** – Takið stutt viðtal við nokkra menn:

Lögsögumann-goða-bónda-konu. Skálið aðstæður fólksins.

Puntar: Hvar eiga þau heima? Hvernig gekk ferðin til Þingvalla? Hvaða hlutverk hafa þau á Alþingi eða hvað ætla þau að gera á þinginu.

5. **Öxarárfoss** – farið að fossinum og veljið ykkur verkefni.

- a. Búa til ljóð (lesa upp og taka vídió)
- b. Syngja Öxar við ána (taka upp á vídió)
- c. Búa til sögu og það má vera lygasaga (taka upp á vídió)

6. **Kirkjan** –

- Hvað eru margar rúður í kirkjunni? _____
- Fyrir framan kirkjuna er steinn sem hefur verið þar óralengi. Takið mynd af honum og látið sjást í kirkjuna. (Er einhver saga um þennan stein?)
- Ekki langt frá kirkjunni er hóll sem heitir Klukkuhóll. Af hverju ætli hann heiti það? _____

7. **Náttúrfræðin** – Takið eina mynd af hverju fyrirbæri og merki heiti þess inn á myndina.

- a. Stöðuvatn
- b. Almannagjá
- c. Grenitré
- d. Birkitré
- e. Hamraveggir
- f. Lækur

Nánar um Kristnitökuna:

Í upphafi voru flestir Íslendingar **ásatrúar** (heiðnir menn) en fljótlega eftir landnám fór **kristni** að berast til landsins. Í fyrstu voru það fáir sem sýndu nýju trúnni áhuga en eftir að **Ólafur Tryggvason Noregskonungur** gaf það út að hann vildi kristna Íslendinga fóru hlutirnir hægt og bítandi að breytast. Hann sendi hingað **trúboða** sem Íslendingar tóku ekki sérlega vel og fáir sýndu nýju trúnni áhuga. **Ólafur** brást þá **reiður** við og **hótaði** að **limlesta** eða **drepa** alla **Íslendinga** sem staddir voru í Noregi. Íslensku höfðingjarnir Gissur Teitsson úr Skálholti (Gissur hvíti) og Hjalti Skeggjason úr Þjórárdal báðu konung að **gefa löndum sínum grið** og lofuðu í staðinn að sjá til þess að Íslendingar **tækju við kristinni trú**. Ólafur sefaðist nokkuð og hætti við að gera Íslendingum mein en hélt **fjórum** íslenskum **höfðingjasonum** eftir sem **gíslum**.

Gissur og **Hjalti** héldu til Íslands og töluðu fyrir því á **Alþingi** að landsmenn **gerðust kristnir**. Þetta var **árið 1000**.

Þarna á Alþingi urðu miklar deilur milli manna um trúmálin og hótuðu menn því að **segja sig úr lögum** hvorir við aðra. Menn óttuðust að þjóðveldið **klofnaði í tvö samfélög** eftir trúarbrögðum og til yrðu **tvenn lög** í landinu. **Heiðnir menn** áttu foringja sem hét **Þorgeir Ljósvetningagoði** og **kristnir menn** foringja sem hét **Hallur á Síðu**. Ákveðið var að Þorgeir skyldi kveða upp úrskurð um það hvor siðurinn yrði ofan á. **Þorgeir lagðist undir feld** og lá þar heilan dag og heila nótt án þess að mæla orð frá vörum.

Loks stóð hann upp og hóf mál sitt á Lögbergi. Fyrst tók Þorgeir **loforð** af öllum viðstöddum um að **halda þau lög** sem hann segði upp.

Svo kvað hann upp úrskurð sinn:

Allir skyldu verða kristnir og taka skírn. Í staðinn máttu menn þó gera þrennt sem tilheyrði heiðnum sið.

1. Blóta mátti hin heiðnu goð á laun.
2. Borða mátti hrossakjöt.
3. Bera mátti út börn.

Meginmálið í ræðu Þorgeirs var að landsmenn yrðu að hafa sameiginlega trú og sömu lög. Að öðrum kosti gæti ekki orðið friður í landinu.

Kristin trú var því lögtekin á Íslandi á Alþingi árið 1000 og skírðust flestir á leiðinni heim af þingi. Sunnlendingar og Norðlendingar voru skírðir í **Reykjalaug í Laugardal** (á Laugarvatni) en vestanmenn í **Reykjalaug hjá Reykjum í Lundarreykjadal** í Borgarfirði.

Nánar um Alþingi. ----- Lögsögumaður-goðar og bændur.

Alþingi Íslendinga var stofnað á Þingvöllum árið **930**. Þá lauk landnámsöld og **þjóðveldisöld** hófst.

Þingvellir voru valdir því staðurinn lá vel við samgöngum úr öllum landshlutum auk þess að allar aðstæður til þinghalds voru góðar þar.

Fundir þingsins stóðu yfir í **tvær vikur á hverju sumri** á **þjóðveldisöld**. Þeir einu sem máttu sitja á Alþingi voru **karlmenn sem áttu eignir**.

Alþingi var skipt niður í stofnanir sem fóru annars vegar með **löggjafarmál** (þar voru lögin búin til) og hins vegar með **dómsmál** (þar var dæmt í málum).

Lagaumræðan fór fram innan **Lögréttu** en þar sátu allir **goðar** landsins. Leiðtogi hennar var kallaðist **lögsögumaður** en hann var kjörinn til þriggja ára í senn. Hann **stjórnaði** fundum **Lögréttu** og **bar ábyrgð** á því að réttum lögum væri fylgt. Hann **þuldi upp** þriðjung laganna á hverju þingi og náði þannig að fara með öll lög á hverju kjörtímabili. Lögsögumaður þurfti að treysta á minnið því norrænir menn höfðu ekki lært að skrifa á þessum tíma.

Í **dómstólum** sátu **bændur** sem **skipaðir** voru af **goðum** í hvert sinn sem þing var haldið. Eiginlegt ríkisvald var ekki til á þessum tímum en eitt af því sem sameinaði landsmenn voru lögin.

Goðar

Á þjóðveldisöld voru **goðar valdamestu menn** landsins. **Styrkur** hvers **goða** byggðist á því **hversu margir bændur** voru **fylgismenn** hans.

Öxar við ána

Öxar við ána, árdags í ljóma,
upp rísi þjóðlið og skipist í sveit.
Skjótum upp fána, skært lúðrar hljóma,
skundum á Þingvöll og treystum vor heit.
Fram, fram, aldrei að víkja.
Fram, fram, bæði menn og fljóð.
Tengjumst tryggðarböndum,
tökum saman höndum,
stríðum, vinnum vorri þjóð.

Helgi Helgason / Steingrímur Thorsteinsson